



Reykjavík 05.06.2024

**Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030**

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF barst, umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030 (hér eftir **ferðamálastefna**), 22. maí sl. frá atvinnuveganefnd Alþingis. SAF vilja koma eftirfarandi ábendingum og áherslum á framfæri.

**Gott samráð sem reynir að koma til móts við öll sjónarmið en meira þarf til**

SAF lýsa yfir ánægju með vinnuna sem heild, enda í fyrsta sinn sem ferðamálastefna stjórnvalda er aðgerðabundin. Það er eðlilegt að leitað sé til atvinnugreinarinnar sjálftrar til að móta stefnu stjórnvalda og áttu SAF marga fulltrúa í vinnunni, í starfshópum, í stýrihópnum og starfsmenn starfshópa. Í ferðamálastefnunni er farið yfir framtíðarsýn ferðaþjónustu til ársins 2030. Samkvæmt stefnunni er lögð áhersla á jafnvægi og samþættingu milli fjögurra lykilstoða: Efnahagur, samfélag, umhverfi og gestir.

Engu að síður ber ferðamálastefnan þess merki að reynt hefur verið að koma til móts við nær öll sjónarmið sem allra flestra við gerð hennar. Þannig er hætta á að einfaldar og markvissar aðgerðir tynist í þvögu fjöldans og þess umfangsmikla búnings sem þær hafa verið settar í.

- **Að mati samtakanna er skortur á samhengi verðmætasköpunar í ýmsum aðgerðum stefnunnar og að þær miði saman að því að skapa atvinnugreininni umgjörð sem styður við að ferðaþjónusta verði arðsöm og samkeppnishæf til lengri tíma hér á landi**

**Vantar að tryggja ferðamálastefnunni fjármagn**

Þegar kemur að fjármögnun og kostnaðarmati aðgerða liggur fyrir að ferðamálastefnan er verulega undirfjármögnuð. SAF bentu á þegar vinnan hófst að nauðsynlegt væri að tryggja stefnunni viðeigandi fjármagn. Nú liggur fjármálaáætlun 2025-2029 fyrir þar sem fram kemur að til að innleiða ferðamálastefnu til ársins 2030 verði lagt til varanlegt framlag upp á 200 milljónir króna á ári. Það fjármagn dugar skammt.

- SAF telja það skjóta skökku við að loksins þegar jafn umfangsmiklum áfanga er náð tryggji fjármálaáætlun aðgerðum ferðamálastefnunnar ekki meira fjármagn en raun ber vitni

### SAF telja nokkuð skorta í áherslum ferðamálastefnunnar á rannsóknir og gagnaöflun

SAF telja að þær aðgerðir sem snúa að rannsóknum og gagnaöflun séu ekki nógu skýrar og samhengi þeirra ábótavant. Svo virðist sem hljóð og mynd fara ekki saman í þeirri aðgerð sem tilgreind er í ferðamálastefnunni. Hún segir að „miðað verði almennt við að um 1% af virðisauka í greininni fari til gagnaöflunar og rannsókna innan hennar“ sem væri skref í rétta átt en kostnaðarmat aðgerðarinnar gerir ráð fyrir 60 milljóna króna árlegu framlag til rannsókna á sviði ferðaþjónustu. Ljóst er að það er aðeins brotabrot af 1% af virðisauka ferðaþjónustu.

SAF hefðu viljað sjá hnitmiðaðri aðgerð um bættu ferðaþjónustureikningana Hagstofu Íslands sem hægt væri að ganga í með litlum tilkostnaði. Ferðaþjónustureikningarnir eru enn ókláraðir og hafa ekki verið umreiknaðir til fasts verðlags, eða staðvirðingar. Það hafa ekki verið gefnar út allar þær töflur fyrir Ísland sem alþjóðastaðall ferðaþjónustureikninga nær yfir, til dæmis sem snúa að neyslu íslenskra ferðamanna erlendis, fjármunamyndun og samneyslu í ferðaþjónustu.

- SAF fagna aðgerðum sem miða að því að bæta úr fjármagni til rannsókna og gagnaöflunar og undirstrika mikilvægi þess að ferðaþjónusta fái álíka vægi og aðrar atvinnugreinar þjóðarbúsins þegar kemur að þeim vettvangi
- SAF fara fram á að ferðaþjónustureikningar verði tilgreindir sem eitt af föstum verkefnum Hagstofunnar
- Öflugar rannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að fylgjast vel með þeim breytingum sem eiga sér stað við sókn atvinnugreinarinnar í efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu samhengi, hvort sem um er að ræða í hagkerfinu í heild eða á einstökum ferðamannastöðum

### Sjálfbær nýting náttúrauðlinda byggir á vísindalegri þekkingu

Undir fyrsta kafla ferðamálastefnunnar um rannsóknir og gögn er að takmörkuðu leyti komið inn á þær rannsóknir sem þurfa að eiga sér stað á ferðamannastöðum sem sókn greinarinnar byggir á. Aðgerðir um rannsóknir og gögn ættu að tala við aðgerð um þróun verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi á áfangastöðum ferðamanna. Þolmörk ferðamannastaða hafa verið skilgreind almennt sem „[S]á hámarks fjöldi fólks sem geta notað áfangastað án þess óásættanlega breyting verði á umhverfinu og án þess að óásættanleg hnignun verði á gæðum upplifunar ferðamannanna“. Út frá þeim þarf að svara fyrir hvern og einn stað spurningum á borð við: Er ágangur fólks orðinn það mikill að mörkum um ásættanlegar breytingar á viðkomandi ferðamannastað er náð? Er þörf á aukinni fræðslu, aukinni landvörslu, frekari innviðaupbyggingu, virkri flæðisstýringu gesta, gjaldtöku og/eða magntakmörkunum?

- Styðja þarf betur við samstarf og samtal hagaðila og rannsóknir á ferðamannastöðum, ástand innviða, fjöldatalninga og viðhorfskannanir til að svara þessum spurningum

## **Endurskoða þarf skipulagsumgjörð ferðaþjónustu**

Þörf hefur verið á endurskoðun á skipulagsumgjörð ferðaþjónustu um nokkurt skeið. Ýmsir vankantar eru á núverandi regluverki og rekstrarumhverfi ferðaþjónustu sem hefur ekki fylgt vexti atvinnugreinarinnar og skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja innanlands og á alþjóðamörkuðum ásamt því að draga úr verðmætasköpun hér á landi. Má nefna dæmi annars vegar að innlendum og erlendum ferðaskrifstofum er mismunað við innheimtu virðisaukaskatts og hins vegar ósamræmi í kröfu um ökuréttindi innlendra og erlendra bílstjóra á leið um landið með ferðamenn. Í þessum tilfellum hefur verið lagt meira á innlend fyrirtæki en erlend. Það er ótækt og brenglar samkeppnisstöðu íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja.

- **SAF lýsa yfir ánægju með aðgerð ferðamálastefnunnar um endurskoðun á regluverki fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu og skilvirkt eftirlit og telja SAF telja mikilvægt að þessi aðgerð stefnunnar fái hratt brautargengi og hún sett í forgang**

## **Gistináttaskattur og sértækur skattur**

Samtökin hafa ítrekað bent á gistináttaskattur brenglar samkeppnisstöðu ólíkra tegunda gististaða á innlendum mörkuðum og skerðir samkeppnishæfni áfangastaðarins á alþjóðamörkuðum. Þá eru aðrar aðgerðir ferðamálastefnunnar til þess fallnar að stuðla að verndun ferðamannastaða sem gistináttaskattur gerir ekki. Ljóst er að aukin skattlagning á ferðaþjónustu, hvort sem það nefnist gistináttaskattur eða annar sértækur skattur á atvinnugreina, dregur úr arðsemi og samkeppnishæfni greinarinnar.

- **SAF fagna aðgerð ferðamálastefnunnar um að afnema gistináttaskatt**
- **SAF leggja áherslu á að sértækir skattar á ferðaþjónustugreinar, hvort sem er á hótél, bílaleigur, skip, ferðaskrifstofur eða annað, skerða alþjóðlega samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar og hafa neikvæð ahrif á möguleika til verðmætasköpunar fyrir samfélagið. Samtökin mótmæla því tillögum um aukna sérkattlagningu á greinina til tekjuöflunar hins opinbera.**

## **SAF telja mikilvægt að aðgerð um markvissa neytendamarkaðssetningu verði sett í forgang**

Þó að fjöldi erlendra ferðamanna komi til Íslands á ári hverju er það alls ekki svo að þeir markhópar sem áfangastaðurinn telur ákjósanlegasta skili sér með sjálfsögðum hætti til landsins. Það virðist oft falla á milli skips og bryggju að Ísland er í harðri alþjóðlegri samkeppni um erlenda ferðamenn. Kjarni málsins er sá að markviss neytendamarkaðssetning getur ýtt undir að Ísland laði að sér, í meiri mæli, þá markhópa sem skilgreindir hafa verið ákjósanlegir fyrir áfangastaðinn. Það eru hópar þeirra erlendu ferðamanna sem tilbúnir eru að dvelja lengur, ferðast víðar, sækja í sérhæfðari ferðaþjónustu og heimsækja landið utan háannar. Markaðsaðgerðir Íslandsstofu ættu ávallt að stuðla að því markmiði að laða ferðamenn til landsins utan háannar og til kaldra svæða. Þar sem þær geta stuðlað að aukinni dreifingu ferðamanna um landið og yfir árið.

- **SAF benda á að kostnaðarmat aðgerðarinnar er óraunhæft til að ná árangri og leggja til að fjármagni verði forgangsraðað í markvissa neytendamarkaðssetningu**

## **Auka þarf nýsköpun og vöruþróun**

Margt bendir til að talsverð tækifæri séu til nýsköpunar og nýrra áherslna sem geta lagt verulega af mörkum til aukinnar framleiðni, og þar með verðmætasköpunar. Hinir ýmsu þættir geta almennt stuðlað að aukinni framleiðni atvinnugreina, líkt og rannsóknir og tækniframfarir, aukin menntun og sérhæfðara vinnuafli.

Það er mikilvægt að framleiðsluþættir ferðaþjónustu séu nýttir með eins hagkvæmum hætti og hægt er þannig að framleiðni bæði vinnuafli og fjármagns aukist samhliða aukinni verðmætasköpun. Má í því samhengi nefna að komi hærra hlutfall erlendra ferðamanna til landsins utan háannar og ferðist víðar getur framleiðni ferðaþjónustufyrirtækja aukist samhliða betri nýtingu. Hægt er að stuðla að þeirri þróun með nýsköpun og vöruþróun.

- **SAF taka undir áherslur ferðamálastefnunnar um aukna nýsköpun og vöruþróun og telja mikilvægt að hvatt verði í auknum mæli til slíkra fjárfestinga í atvinnugreininni**

## **Aðgerð til að auka ferðaþjónustu utan háannar**

Það liggur fyrir að byggja þarf upp vetrarferðaþjónustu og svokölluð köld svæði landsbyggðarinnar, þar sem við á. Til þess að stuðla að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu utan háannar verður að tryggja aðgengi að helstu ferðamannastöðum landsins allt árið um kring, eins og hægt er.

Eins og fram kemur í ferðamálastefnunni nefna 97% erlendra ferðamanna náttúru landsins sem þann þátt sem hafði mest áhrif á að þeir ákváðu að heimsækja Ísland. Sé ferðamálastefnunni alvara um að jafna árstíðarsveiflu og dreifa ferðamönnum um landið hefði verið mikilvægt að tryggja vetrarþjónustu Vegagerðarinnar fjármagn sem og að einblínt verði á uppbygginu kaldra svæða, þar sem við á, til dæmis með markvissari úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

- **SAF fagna áherslum ferðamálastefnunnar um aukna vetrarþjónustu Vegagerðarinnar þó aðgerðir sem þeim tengjast hefðu mátt vera umfangsmeiri**
- **SAF hefðu viljað sjá markvissari aðgerð í ferðamálastefnunni þegar kemur að því að ferðamannastaðir séu aðgengilegir allt árið**
- **SAF fagna endurskoðun á Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og telja mikilvægt að ferðamálastefnan muni styðja við þá endurskoðun**

## **Lokaorð**

Í vinnu sem þessari verður að tryggja samhengi, fyrirsjáanleika og gagnsæi ásamt því að horfa til árangursmats mælanlegra aðgerða. Þá verður að vera skýrt hver ber ábyrgð á útfærslu og innleiðingu aðgerða, eftirfylgni og endurmati. Í einföldu máli ætti ferðamálastefnan að styðja við raunhæf, vörðutengd markmið sem miða að því að færa atvinnugreinina að þeirri framtíðarsýn og leiðarljósi sem stefnan tilgreinir með sem hagkvæmustum hætti.

Forgangsröðun eftir mikilvægi og á tímalínu, raunhæft kostnaðarmat og fjármögnun aðgerða er lykill að því að ná settri framtíðarsýn. Samtímis verður að huga að eftirfylgni og aðhaldi með stefnunni enda ætti ávallt að tryggja að fjármagn nýtist sem best. Íslensk ferðaþjónusta hefur í gegnum árin verið sú atvinnugrein sem staðið hefur undir hagvexti hér á landi. Atvinnugreinin hefur margsinnis sýnt að tekjur ríkissjóðs er margfallt á við bein útgjöld. Til að taka næstu skref í átt að aukinni sjálfbærni greinarinnar með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á ríkissjóð þarf að sýna raunverulegan stuðning og ganga í takt með atvinnulífinu.

Að ofangreindum ábendingum virtum telja Samtök ferðaþjónustunnar mikilvægt að ferðamálastefnan verði samþykkt fyrir þinglok til að hægt verði að hefja vinnu við framkvæmd aðgerða sem fyrst.

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Virðingarfyllst,*

A handwritten signature in black ink, reading 'Jóhannes Þór Skúlason'. The signature is written in a cursive, flowing style.

*Jóhannes Þór Skúlason  
framkvæmdastjóri*